

Erindisbréf Ungmennaráðs Reykhólahrepps

Stjórnskipuleg staða

Ungmennaráð Reykhólahrepps heyrir undir mennta- og menningarmálanefnd. Tómsundafulltrúi starfar með ráðinu.

Skipan og seturéttur á fundum

Í ungmennaráði eiga sæti fimm fulltrúar á aldrinum 13-25 ára og 5 til vara.

Kosið er í Ungmennaráð á ungmennapingi sem haldið er í september ár hvert. Ungmennaráð kýs formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum.

Auk kjörinna fulltrúa eiga tómsundafulltrúi og sveitarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Fulltrúar ungmennaráðs sitja einn sveitarstjórnarfund á hverjum ársfjórðungi.

Hlutverk og verksvið

Ungmennaráð Reykhólahrepps skal gæta þess að leita eftir sem flestum sjónarmiðum ungs fólks í störfum sínum þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspegli sem best almennan vilja ungs fólks í sveitarfélaginu.

Hlutverk Ungmennaráðs Reykhólahrepps er:

- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi aðstöðusköpun og afþreyingarmöguleika ungs fólks í sveitarfélaginu
- að koma tillögum og skoðunum ungs fólks til skila til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins
- að fylgjast með því að stofnanir sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi
- að veita ungu fólki fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum
- að hvetja ungt fólk í sveitarfélaginu til lýðræðislegrar þátttöku
- að skipuleggja ungmennaping
- að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins
- að gera ákvarðanatöku í málefnum ungmenna sýnilegri og gegnsærri og auka tengsl fulltrúa ungmenna og sveitarstjórnar.

Starfshættir

Um starfshætti ungmennaráðs fer samkvæmt III. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Reykhólahrepps.

Starfstími Ungmennaráðs er frá fyrsta ungmennapingi á hausti og fram að ungmennapingi næsta haust, þar sem kosið er í nýtt ráð. Á þessu tímabili skal Ungmennaráð funda að minnsta kosti sex sinnum.

Ungmennaráð kemur saman á fastákveðnum fundartíma, með hléum yfir sumarið. Formaður stýrir fundi. Verkefnastjóri sér um að rita fundargerð og kemur henni til mennta- og menningarmálanefndar.

Þá getur ungmennaráð staðið fyrir opnum fundum vegna starfa sinna og þeirra verkefna sem ráðið vinnur að.

Verkefnastjóri sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir ráðið. Hann útbýr í samráði við formann rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum og varamönnum.

Mennta- og menningarmálaráð og ungmennaráð skulu halda sameiginlega tvo fundi á ári en oftari ef þurfa þykir. Gert er ráð fyrir að ungmennaráð fundi a.m.k. einu sinni á ári með sveitarstjórn.

Haldin eru fjögur ungmennapening á hverju almanaksári þar sem allir á aldrinum 13-25 ára eru velkomnir. Á þessum þingum er farið yfir síðastliðin ársfjórðung og næsti ársfjórðungur skipulagður. Allir sem mæta á ungmennapeningið hafa atkvæðis- og tillögurétt. Yfir öll verkefni sem ákveðið er að fara í á hverjum tíma er skipaður verkefnastjóri sem ber ábyrgð á hverju verkefni fyrir sig.

Réttindi og skyldur ungmennaráðs

Um réttindi og skyldur ungmennaráðs gilda ákvæði [sveitarstjórnarlaga](#) og samþykktir um [stjórn og fundarsköp Reykhólahrepps nr. 685/2013](#).

Nefndarmenn skulu fá hæfilega þóknun fyrir störf sín samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar samkvæmt [samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Reykhólahrepps](#).